



## 2. formannafundur Aftureldingar 14. júní 2010

Fundur settur kl. 20:30

Mætt frá deildum: **Karate:** Andrea M. Jónsdóttir; **Sunddeild:** Ragnar Stefánsson; **Frjálsar:** Ólafur I. Óskarsson, Hlynur Guðmundsson; **Handbolti:** Óskar Vídalín, Elín Reynisdóttir; **Knattspyrna:** Erna Reynisdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Hilmar Bergmann

Mætt frá stjórn UMFA: Jón Pálsson, Helga Jóhannesdóttir, Sævar Kristinsson, Guðjón Helgason og Anna Sigríður Guðnadóttir. Gyða Árný Helgadóttir framkvæmdastjóri sat fundinn.

### Dagskrá:

- 1) Uppsögn framkvæmdastjóra.
- 2) Kynna 365 samninga
- 3) Kynna hugmyndir um skylmingadeild
- 4) Kynna hugmyndir um íþróttastarf fyrir fatlaða og einnig aldraða
- 5) Búningamál, samningar við Namó
- 6) Skemmtitorg Mosfellsbæjar
- 7) Önnur mál.

#### 1) Uppsögn framkvæmdastjóra.

Tilkynnt að Gyða framkvæmdastjóri hafi sagt upp þann 30. apríl og auglýst verður eftir nýjum nú um helgina í Mosfellingi og Fréttablaðinu. Rætt um mikilvægi íþróttafulltrúa fyrir faglegt starf félagsins. Aðspurður sagði formaður að hann bindi vonir við að Afturelding fengi íþróttafulltrúa áður en samningar við bæinn verða endurnýjaðir. Ræddi einnig að umræða færi fram við bæinn um að Afturelding fái umráðarétt yfir öllum tímum í íþróttahúsi þannig að sala almenningstíma kæmi sem tekjur til félagsins. Ýmsar hugmyndir þar að lútandi ræddar. Þessi umræða við bæjaryfirvöld mun halda áfram í sumar.

#### 2) Kynna 365 samninga

Formaður upplýsti að 365 miðlar hefðu haft samband og boðið fjáröflun sem felst í að selja áskrift að sportrásum gegn 30% sölubóknun, þ.e. af mánaðargjaldi á meðan áskrifandinn heldur áskriftinni. Drög að samningi hafa verið send til formanna deildanna nú þegar. Fundarmenn töldu þetta gott tækifæri til fjáröflunar fyrir deildirnar á erfiðum tímum. **Ákveðið** að þær deildir sem hafa áhuga á að taka þátt í þessari fjáröflun hafi samband við framkvæmdastjóra. Formaður og framkvæmdastjóri ganga frá samningi við 365 miðla.

#### 3) Kynna hugmyndir um skylmingadeild

Sævar Lúðvíksson skylmingakappi hafði, ásamt föður sínum, samband við formann Aftureldingar til að

kanna möguleika á að stofna skýlmingadeild innan UMFA eða skýlmingafélag. Formaður heimsótti Skýlmingasambandið og landsliðsþjálfara og þar er mikill áhugi á að stofna slíka deild í Mosfellsbæ. Rýmisþörf er 4X20 metrar fyrir 4 velli. Skýlmingasambandið upplýsti að þó nokkur fjöldi barna úr Mosfellsbæ sé að æfa skýlmingar í Reykjavík.

Umræður urðu um málið m.a. um plássleysi á Varmá og hvernig nýjar deildir yrðu til. Formaður skýrði reglur um stofnun nýrra deilda innan Aftureldingar og nefndi að hugsanlega væri hægt að fá aðstöðu annars staðar en á Varmá t.d. á Reykjalandi eða í Egilshöll. Stjórn falið að vinna málið áfram m.a. í samstarfi við bæjaryfirvöld.

#### 4) Kynna hugmyndir um íþróttastarf fyrir fatlaða og einnig aldraða

Fyrirspurn hefur komið til Aftureldingar um samstarf við Ösp íþróttafélag fatlaðra. Stjórn Aftureldingar hefur íhugað að kalla saman foreldra og fulltrúa Aspar til skrafs og ráðagerða og sjá hver grundvöllur gæti verið. Stjórn félagsins falið að vinna málið.

Einnig var stjórn falið að setja sig í samband við félag eldri borgara í Mosó og kanna grundvöll fyrir samstarfi varðandi skipulagðar íþróttir aldraðra.

#### 5) Búningamál, samningar við Namó

Samkvæmt samningi á Namó að útvega utanyfirgalla út árið 2010 en getur það ekki því búningurinn er ekki í framleiðslu lengur. Stjórnin varpar fram þeirri hugmynd að nú fari fram skoðun á markaðnum og athugað hvort ekki sé hægt að fá rammamening fyrir aðrar vörur en búninga. **Ákveðið að stofna búninganefnd** sem endurskoðar búningamálin. Í búninganefnd voru tilnefndar Helga Jóhannesdóttir (stjórn UMFA), Kolbrún Þorsteinsdóttir (knattspyrna) og Guðrún Kristín Einarsdóttir (blak)

#### 6) Skemmtitorg Mosfellsbæjar

Aftureldingu hefur verið boðið að taka að sér skemmtitorg 16. Júlí á miðbæjartorginu. Þær deildir sem hafa áhuga mæta á svæðið. Handboltaskólinn og knattspyrnskólinn munu taka þátt.

#### 7) Önnur mál.

**Elín Reynisdóttir:** Rætt að munntóbaksneysla unglinga hefur færst mjög í aukana og margir foreldrar hafa lýst áhyggjum vegna þessa. **Ákveðið** að formenn deilda komi þessum upplýsingum inn til þjálfara og fá þá til að ræða þessi mál við iðkendur. Framkvæmdastjóri útvegar veggspjöld frá Lýðheilsustöð.

**Kolbrún Þorsteinsdóttir:** Segir mikla vinnu felast í að halda utan um fjölgreinaafslátt og rætt hvort hægt sé að finna leiðir til úrbóta. **Ákveðið** að formaður knattspyrnudeildar skoði málið nánar.

**Hilmar Bergmann:** Talar um að ekki sé hægt að hafa sölulager í friði í vallahúsi. Stórkostleg rýrnun verður af þeim vörum sem geymdar eru þar. Annað hvort þurfi að takmarka aðgang að vallahúsi eða að koma upp geymsluaðstöðu. **Ákveðið** að framkvæmdastjóri skoði hvað er hægt að gera.

**Erna Reynisdóttir:** **Afrekshópur** hefur formlega lokið störfum. Afreksráðið mun skrifa greinargerð og senda á formenn. Tilnefna þarf nýtt afreksráð fyrir haustið og taldi Erna sem setið hefur í ráðinu best ef allar deildir tilnefni sinn fulltrúa í ráðið.

Fundi slitið kl. 22:45

Anna Sigríður Guðnadóttir ritaði fundargerð